

## 1. Segja brár

*eftir Ólöfu Sigurðardóttur frá Hlöðum (1857-1933)*

Segja brár, er beygja árin herðar:  
ungra sáru ástaþrár  
eru ei tára verðar.

Venus enn þó vit og menning bugar.  
Alltaf brenna ástaþrár;  
engin kenning dugar.

## 2. Hvað er að velta við forsmán

*Drykkjuvísa*

Hvað er að velta við forsmán? -  
að veita hægindi kútnum.  
Vínsins má enginn vera án.  
Varaðu þig á stútnum.

## 3. Hvað er lífið?

*eftir Ólínu Andrésdóttur (1858-1935)*

Hvað er lífið? Kaldur straumur,  
sem kastar oss í reynsluhaf.  
Hvað er lífið? Glys og glaumur,  
sem gremur þann, er nýtur af.

Hvað er lífið? Geigvæn gata,  
sem grúfir niðri dauðans skaut.  
Hvað er lífið? Leið að rata  
á ljósa himindýrðar braut.

Hvað er dauðinn? Deiling stranda  
dýrðar lands og tímans straums,  
fylling vona, vor míns anda,  
vaka og ráðning lífsins draums.

## 4. Sat ég undir fiskahlaða *pula*

Sat ég undir fiskahlaða föður míns;  
átti að gæta  
bús og barna,  
svína og sauða.  
Menn komu að mér  
gjörðu mér svo mikinn skaða,  
lögðu eld í bóndans hlaða.  
Hlaðinn tók að brenna.  
Ég tók að renna  
allt útum lönd,  
allt útum biskupslönd.  
Biskup átti sér valið bú,  
hann gaf mér uxa og kú,  
uxinn tók að vaxa  
og kýrin að mjólka.  
Sankti María gaf mér sauð,  
síðan lá hún steindauð.  
Annan gaf mér Freyja  
og hún kann ekki að deyja.  
Gott þótti mér út að líta  
í skininu hvíta  
og skikkjunni grænni.  
Kona mín í kofanum  
hún býður mér til stofunnar,  
ég vil ekki í stofu gá  
heldur út að Hólum  
að hitta konu bónda.  
Kona bónda gekk til brunns  
og vagaði og kjagaði  
lét hún ganga hettuna,  
smettuna,  
dinglandi dimmidó,  
nú er dauður Egill og kegill í skóg.